

Truenorth Ísland ehf.
Róbert García
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. apríl 2015
UST201503-251/A.B.G.
09.06.01

Efni: Umsókn um ljósmyndatöku - Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi TrueNorth dags. 27.03.2015, vegna fyrirhugaðrar ljósmyndatöku innan friðlýsta svæðisins í Dyrhólaey, þann 10. apríl nk.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða ljósmyndatöku í Dyrhólaey. Fjöldi starfsmanna sem kemur að verkefninu eru samkvæmt umsókn 60 talsins. Áætlaðir tökustaðir eru við bílastæði. Almennt er ekki talin þörf á því að fara út fyrir göngustíga og vegi nema fyrir einn leikara og tökulið. Ekki er gert ráð fyrir leikmynd. Hugsanlega verða sett upp ljós sem verða tengd lítilli færanlegri rafstöð. Ekki er gert ráð fyrir neinu raski á jarðvegi, gróðri eða dýralífi. Fram kemur í umsókn að fyrirtækið mun hafa með sér ferðaklósett sem verður staðsett á bílastæði. Einnig kemur fram að hugsanlega þurfi fyrirtækið að halda fólki frá þröngum svæðum á meðan myndað er.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort framkvæmdir kalla á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Umhverfisstofnun telur að ljósmyndataka á þessum tíma eins og henni er lýst í umsókn fyrirtækisins komi ekki til með að skerða verndargildi hins friðlýsta svæðis en þó telur stofnunin að umfang ljósmyndatökunnar sé þó nokkuð vegna fjölda starfsmanna sem að henni koma.

Skilyrði


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti, leyfi fyrir fyrirhugaðari ljósmyndatöku að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- TrueNorth og starfsfólki sem kemur að ljósmyndatökunni ber að ganga vel um svæðið og fylgja reglum þess í hvívetna. Sjá skal til þess að hvorki jarðvegi né gróðri verði raskað. Göngustígum verði fylgt innan svæðisins.
- Aðrir gestir/ferðamenn svæðisins skulu ekki verða fyrir óþægindum eða truflun vegna kvikmyndatökunnar. Bílastæði þurfa einnig að vera aðgengileg öðrum gestum.
- Ferðaklósett verði staðsett á bílastæði.
- Sérstaklega er áréttað að allur akstur utan vega er bannaður. Búnaður skal því borinn frá bílastæðum að tökustöðum.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með ljósmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.200 kr/klst.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri